

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 47/95
frá 22. júní 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um
sameiginlega tækniforskrift að framtengingu við samevrópska stafræna samþætta
þjónustunetið (ISDN)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB frá 18. nóvember 1994 um
sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta
þjónustunetið (ISDN)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB frá 9. desember 1994 um
sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar
fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa
netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 81.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4f. 394 D 0796: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að framtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) (Stjtið. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 1).
- 4g. 394 D 0797: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) (Stjtið. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 14).
- 4h. 394 D 0821: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB frá 9. desember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) (Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 81).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker